

Stjórnarfundur 300

FUNDARGERÐ

Dagsetning	Fundarstaður	Nr. fundar
20.08.2024	Fundarsalur NO 4.hæð	Stjórnarfundur 300
Fundarritari	Fundartími	
Hilda Jana Gísladóttir	09:00 – 10:24	
Stjórn	Fjarverandi	
Hlynur Jóhannsson, formaður Geir Kristinn Aðalsteinsson Hilda Jana Gísladóttir Sóley Björk Stefánsdóttir Pröstur Friðfinnsson, áheyrnarfulltrúi, í fjarfundi	Pórhallur Jónsson	
Starfsfólk		
Eyþór Björnsson, forstjóri Gunnur Ýr Stefánsdóttir, skrifstofustjóri Kristín Brynjudóttir, fjármálastjóri		

Dagskrá fundar:

- 1. 6 mánaða uppgjör**
- 2. Erindi frá Hörgársveit**
- 3. Erindi frá Hafnasamlagi Norðurlands**
- 4. Styrkjamál - upplýsingar um styrki á heimasíðu**
- 5. Önnur mál**

1. 6 mánaða uppgjör

Fjármálastjóri fór yfir drög að sex mánaða uppgjöri Norðurorku hf.

Fyrir liggur sex mánaða uppgjör Norðurorku hf og samstæðunnar, þ.e. með Fallorku. Fjármálastjóri fór yfir samstæðureikning og uppgjör móðurfélagsins ásamt samanburði við áætlun.

Rekstrarhagnaður nemur 327 millj. kr. en áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir 302 millj. kr. hagnaði.

Hjá móðurfélaginu er sala 113 millj. kr. yfir áætlun og rekstrarkostnaður 40 millj. kr. undir áætlun. Afskriftir eru talsvert lægri en áætlað var sem eru áhrif af breyttri reikningsskilaaðferð, en áætlun var gerð miðað við endurmatsaðferð sem horfið var frá um síðustu áramót. Afkoma móðurfélagsins fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) er 1.163 millj. sem er 15% hærra en áætlað var. Fjármagnsliðir eru 70 millj. kr. hærri en áætlun, vegna hærri verðbólgu. Tekjuskattur er 80 millj. kr. hærri en áætlun, en það er að mestu vegna áhrifa af breyttri reikningsskilaaðferð. Heildarniðurstaða er hagnaður 327 millj. kr., sem er 25 millj. kr. betri afkoma en áætlun gerði ráð fyrir.

Á samstæðugrunni er handbært fé frá rekstri 776 millj. kr. en fjárfestingar 926 millj. kr.

Stjórn gerir ekki athugasemd við uppgjörið.

2. Erindi frá Hörgársveit

Hörgársveit hefur sent Norðurorku hf. erindi og óskað eftir formlegum viðræðum um vatnsveitu Hjalteyrar varðandi mögulegan rekstur/yfirtöku reksturs og framkvæmda.

Stjórn samþykkir að fara í formlegar viðræður við Hörgársveit um málið.

3. Erindi frá Hafnasamlagi Norðurlands

Hafnasamlag Norðurlands hefur sent Norðurorku hf. erindi og óskar eftir því að hefja samtal um samvinnu varðandi uppbyggingu innviða veitumála fyrir Dysnes til langs tíma.

Stjórn samþykkir að hefja formlegt samtal við Hafnasamlag Norðurlands um málið.

4. Styrkjamál - upplýsingar um styrki á heimasíðu

Norðurorka hf. veitir styrki til aðila sem samfélagslega skipta máli fyrir íbúa á veitusvæðinu. Til að auka gagnsæi og aðgang að styrkjum er mikilvægt að birta upplýsingar og leiðbeiningar þar um á heimasíðu fyrirtækisins. Lögð eru fram drög að texta fyrir heimasíðu og rafrænt umsóknarform. Skrifstofustjóri skrifstofu forstjóra fór yfir málið á fundinum.

Stjórn samþykkir formið með áorðnum breytingum.

5. Önnur mál

a) Lögð fram til upplýsingar bókun sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps 28. maí 2024 og boð á íbúafund.

Norðurorka hf. þiggur boð á íbúafund í Grýtubakkahreppi í september.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:24